



Eyjardalsvirkjun- Aðal- og deiliskipulag.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 24. janúar 2019 að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrirhugaðrar Eyjardalsvirkjunar og samsvarandi breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 þar sem skilgreint er nýtt 13,5 ha iðnaðarsvæði I-09 fyrir vatnsaflsvirkjun í Eyjardal í landi Hlíðarenda í Bárðardal. Jafnframt er skilgreint nýtt efnistökusvæði E- 48 á skipulagssvæðinu. Áætluð efnistaka er allt að 5.000 m³ á allt að 0,5 ha. svæði.

Tillögurnar gera ráð fyrir að fyrirhuguð virkjun verði rennslisvirkjun án teljandi miðlunar. Virkjað fall um 180 m og virkjað rennsli um 500 l/s og uppsett afl 0,7 MW. Gert er ráð fyrir að inntaksstífla yrði á Eyjardal í um 350 m hæð yfir sjávarmáli og ofan hennar myndaðist allt að 1,0 ha inntakslón, að mestu í farvegi árinna. Inntakslón og efri hluti þrýstipípu yrðu ekki sýnileg frá þjóðvegi. Stöðvarhúsið yrði í brekkurótum í landi Hlíðarenda sunnan Eyjardalsár.

Tillögunum fylgir einnig umhverfisskýrsla sem er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tillöguuppdrættir með greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með föstudeginum 22. mars með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 3. maí 2019. Þá eru tillögurnar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar:

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/deiliskipulag/tillogur-i-auglysinqu>

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 3. maí 2019. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: helga@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Guðjón Vésteinsson,
skipulagsfulltrúi.

gudjon@skutustadahreppur.is